




## REA AZALEA



# Notendaleiðbeiningar


Trönuhrauni 8  
220 Hafnarfjörður  
Sími 565 2885 / Fax 565 1423  
[stod@stod.is](mailto:stod@stod.is) / [www.stod.is](http://www.stod.is)

## HLUTAR HJÓLASTÓLSINS



## AÐ LYFTA HJÓLASTÓLNUM

Það á einungis að lyfta hjólastólnum með því að taka um burðargrind hans. Þessi fyrirmæli eiga alltaf við án tillits til þess hvort notandi hjólastólsins situr í honum eða ekki. Það á aldrei að lyfta hjólastólnum með því að taka í armana eða fótafjalmar. Gakktu úr skugga um að bak og keyrsluhandföng séu vandlega fest.



## Stillingar


Seta

1.



Sætisdýpt er auðvelt að stilla til að veita bestan stuðning og setþægindi. Sætisbreidd og breidd milli fótahvíla er stillanlegur . Sessan er fest með riflás/velcro á sætisplötu.

2.




### 1. Sætisdýpt

Taktu sessuna frá og losaðu boltana A með sexkantslykli og stilltu sætisdýptina í þá stöðu sem henta þykir. Hertu svo boltana aftur. Sessan er svo sett aftur í stólinn


3.

a.



Tool: 5 mm Allen key

b.




Tool: 5 mm Allen key

### 2. Sætisbreidd

a. Losaðu skrúfboltann, dragðu armstuðningana út í óskaða sætisbreidd og hertu svo boltana aftur .

b. Losaðu skrúfboltann, dragðu fótahviluna út í óskað stöðu og hertu svo boltana aftur.



c.



c. Sætisbreidd er hægt að minnka 2x20mm með því að bólstra hliðarspjöldin.

## Fótahvílur

1.



Það er mikilvægt að stilla fótahvílu, fótafjalir og kálfapúða til að vel fari um notandann.


### 1. Hæð fótahvílu stillt

Stillið hæð fótahvílu með því að losa boltann(A) með sexkantlykli. Togaðu í fótahvíluna þar til hún er komin í þá hæð sem óskað er eftir og þar til skrufboltinn fellur í eitthvert vikið á rörinu á fótahvílunni. Hertu svo skrufboltann

**Athugið** Bilið milli fótplötunnar og gólfsins verður að vera 40 mm hið minnsta.


2.

Tools: 5 mm Allen Key



### 2. Vinkill fótahvílu stillt

Vinkill fótahvílunnar er stillt með stilliarmi(B). Togaðu arminn með annarri hendinni og haltu við fótahvíluna með hinn. Þegar réttum vinkli er náð slepptu arminum og fótahvílan læsist í einum af sjö valmöguleikunum.



**Athugið** Ekki setja neitt þungt á fótahvíluna. Það getur skemmt stilliarminn.

rea Azalea

## Föst fótahvíla


### 1. Hæð fótahvílu stillt

Stillið hæð fótahvílu með því að losa boltann(A) með sexkantlykli. Togaðu í fótahvíluna þar til hún er komin í þá hæð sem óskað er eftir og þar til skrúfboltinn fellur í eitthvert vikið á rörinu á fótahvílunni.


Hertu svo skrúfboltann.

**Athugið!** Ekki hreyfa við efri skrúfboltanum (C)


**Athugið!** Bilið milli neðsta hluta fótahvílunnar og yfirborðs undirlagsins verður að vera 40 mm hið minnsta.



Tool: 5 mm Allen key



Tool: 5 mm Allen key



Tool: 5 mm Allen key

## Fótplata og kálfastuðningur

### 1. Vinkill fótaplötunnar stillt

Stillið vinkill og dýpt fótaplötunnar með því að losa skrúfboltann(A) á festingu hennar með sexkantlykli. Stilltu fótaplötuna eins og óskað er eftir og hertu skrúfboltann á nýjan leik.

**Athugið:** Ekki leggja neitt á fótaplötuna meðan skrúfboltinn er laus.

### 2. Kálfastuðningur


Val er um 4 dýptir á kálfastuðningi

Þrýstu kálfastuðningnum fram,


losaðu skrúfbolta (B) með sexkantslykli. Losaðu rónna(C) á bakhliðinni og flyttu hana í annað gat. Settu kálfastuðninginn í nýja stillingu og hertu skrúfurnar sem halda honum. Auðvelt er að stilla hæð kálfastuðningsins með því að nota stilliskrúfuna(D).

## BAK

1.



2.




1. Auðvelt er að stilla bakið með því að losa um skruftoltana við bakrörin með sexkantlykli. Færðu bakið í þá stöðu sem óskað er eftir og hertu skruftoltana að nýju.

2. Efri hlutann af bakinu er hægt að stilla með því að losa um 4 skruftoltana. Stillið í óskaða stöðu og herðið að nýju.

3. Það er líka hægt að velja bak með velcroböndum. Leitið frekar upplýsingar hjá söluaðila ef þörf er á .

1.




2.



## ARMAR

1.



2.



### 1. Hæð arma



Unnt er að stilla hæð armanna með því að losa skruboltann (A) með sexkantlykli. Færðu armana í þá hæð sem óskað er eftir og hertu skruboltana að nýju.

### 2. Dýpt arma


Dýpt armanna er stillt með því að losa skruboltanna (B), settu armana í þá stöðu sem óskað er eftir og hertu að nýju.

### 3. Armar

Hægt er að taka armana af með því að toga arminn upp.



## Keyrsluhandföng/bogi



## Sætiseining

Hægt er að halla allri sætiseiningunni (setu og baki) aftur í hvíldarstillingu eða fram á við til að auka hreyfigetu notandans, svo sem á matmálstímum eða t.d. þegar notandi fer úr hjólastólnum eða í hann. Hægt er að stilla halla baksins óháð hallanum á setunni.


### 1. HALLI SÆTISEININGAR

Unnt er að stilla halla sætiseiningar á bilinu  $-1^\circ$  til  $15^\circ$ . Togaðu handfangið (A) hægra megin á hjólastólnum upp á við og hallaðu sætiseiningunni í þá stöðu sem óskað er eftir.

### 2. HALLI BAKS STILLTUR


Hægt er að stilla halla baksins á bilinu  $0^\circ$  til  $30^\circ$ . Togaðu handfangið (B) vinstra megin á hjólastólnum upp á við og hallaðu bakinu í þá stöðu sem óskað er eftir.





## Keyrsluhandföng/ keyrslubogi

Þegar hæð keyrsluhandfanga er stillt skal losa stillihandföngin(A) og færa síðan keyrsluhandföng upp eða niður eftir því sem þörf er á. Hertu síðan stillihandföngin aftur.




Þegar hæð keyrsluhandfanga er stillt skal athuga að barki liggi fyrir utan stillihandföngin .

Athugið: Keyrsluhandföng mega ekki standa lengra upp yfir enda festinga þeirra en 19 cm.

## Veltivörm

1.




Veltivömin er einnig ástig fyrir aðstoðarmann. Auðvelt er að stilla hæð veltivamarinnar.

Ýttu takkanum inn (A) og færðu síða í þá hæð sem óskað er eftir. Gakktu úr skugga um að veltivörmin læsist í nýju stöðunni.

Ekki er hættá á að stólinn velti aftur fyrir sig ef að eins eru 2-3 cm bil milli veltivarnar og gólflatar.

2.



**Athugið:** Aldrei má gleyma því að setja veltivöminni niður í virka stillingu.

## Að flytja hjólastólinn

Það er auðvelt að undirbúa Rea Azalea hjólastólinn fyrir flutning.

### 1. BAK

Taktu bak púða úr stólnum með því að toga hann fast fram á við þar til riflásinn sleppir frá bakpúðanum.

Losaðu bæði stillihandföngin (A) og togaðu bakið beint upp og láttu það falla fram niður í sætið.

### 2. KEYRSLUHANDFÖNG

Keyrsluhandföngin eru losað með því að losa um stillihandföngin (B) og toga svo ökuhandföngin upp á við.


### 3. FÓTAHVÍLUR

Fótahvílur eru losaðar með því að ýta stillihandfanginu (C) bakvið og um leið er fótahvílunum snúið út á við. Síðan er þeim einfaldlega lyft úr festingum sínum.


### 4. FÓTAFJALIR

Fótafjalirnar eru losaðar með því að ýta stillihandfanginu (D) til hliðar og um leið er fótafjölunum snúið út á við. Síðan er þeim einfaldlega lyft úr festingum sínum.


1.




2.




3.



4.




5.



### 5.ARMAR

Togaðu armimm beint upp og settu til hliðar.


6.



### 6.DRIFHJÓL

Til að fjarlægja drifhjólin skal þrýsta á hnappinn (A) og draga hjólið að sér.


7.



### 7. AÐ LYFTA HJÓLASTÓLNUM

Alltaf á að lyfta hjólastólnum með því að halda þar sem leiðbeiningarnar segja til um. Aldrei að halda í lausa hluti þegar lyfta á hjólastólnum, t.d. arm og fôthvílur.

Rea<sup>®</sup> Azalea, 22/24"



#### FESTINGAR OG ÓLAR AÐ FRAMAN

1. Fremri öryggisólar skulu festar kringum framhjólsgaffla hjólastólsins. Ef smellulásar eru á ólunum skal nota þá til að tengja við festingar bifreiðarinnar.
2. Losið bremsurnar og strekkið á fremri ólunum með því að toga hjólastólinn aftur. Setjið að svo búnu bremsurnar á að nýju.

#### B. FESTINGAR AÐ AFTAN

1. Festið öryggisólarnar við festingar bifreiðarinnar og í merktar festingar aftan í burðargrind hjólastólsins.
2. Strekkið öryggisólarnar.

#### C. AÐ FESTA MJAÐMABELTI OG ÖRYGGISBELTI

1. Gættu að því að mjaðmabeltið sem fylgir hjólastólnum sé spennt.
2. Spennu þrjú punkta öryggisbelti bifreiðarinnar yfir farþegann í hjólastólnum.

**⚠ Athugið:** Ef mjaðmabelti hjólastólsins vantar skal farþegi sitja í sæti í bifreiðinni.

**Athugið:** Gætið þess að hlutar hjólastólsins haldi öryggisbeltinu ekki frá líkama farþegans í hjólastólnum.

## Flutningur hjólastóla í bifreið

Rea® Azalea hjólastóllinn hefur verið prófaður í árekstrartilraunum í samræmi við ISO 7176-19. Hægt er að nota Rea® Azalea hjólastóllinn til flutninga í bifreiðum sem hafa verið sérstaklega útbúnar í þeim tilgangi. Það verður að festa hjólastóllinn tryggilega í bifreiðinni með þeim hætti sem lýst er hér á eftir. Hafið hugfast að það er ætíð best að notandinn sitji fremur í sæti bifreiðarinnar heldur en hjólastólnum.

## Gátlisti fyrir flutning hjólastóla í bifreiðum

- Við mælum með því að notandi hjólastólsins sitji fremur í sæti bifreiðarinnar heldur en hjólastólnum og noti þann öryggisbúnað sem í bifreiðinni er.
- Hjólastóllinn var hafður í grunnstillingum sínum þegar hann var prófaður og hefur ekki verið prófaður í öðrum stillingum. Þetta skal hafa hugfast þegar hjólastóllinn er fluttur í bifreið.
- Það skal annað hvort festa aukabúnað (bakka, borð o.þh.) tryggilega við hjólastóllinn meðan á ferð stendur eða þá að fjarlægja slíkan búnað af hjólastólnum.
- Ekki má gera breytingar á burðarvirki hjólastólsins eða bæta á hann hlutum án þess að leita samþykkis Invacare®.
- Nota skal öryggisbelti það yfir mjaðmirnar sem fylgir hjólastólnum þó að þriggja punkta öryggisbeltið í bifreiðinni sé notað.
- Gætið þess að öryggisbeltið falli vel að farþeganum og að hlutar hjólastólsins, svo sem armar, hjól eða útstandandi hlutar haldi því ekki frá líkama hans (sjá skýringarmynd á bls. 24).
- Það skal festa hjólastóllinn tryggilega í bifreiðina með fjögurra punkta öryggisbelti sem uppfyllir kröfur ISO 10542-2 staðalsins með þeim aðferðum sem lýst er í þessum notendaleiðbeiningum.
- Hjólastóll með farþega í skal ávallt snúa fram, vera tryggilega festur og handbremsan á að vera á.
- Við prófanir var reiknað með 75 kg þunga í samræmi við ISO 7176-19 þótt hjólastóllinn sé gefinn upp fyrir allt að 125 kg þungan notanda.
- Bak hjólastólsins skal vera í uppréttri stöðu, sem næst 90°.
- Ef þess er kostur ætti að nota höfuðpúða meðan á ferð stendur til að draga úr hættu á hálsmeiðslum. Gakktu úr skugga um að hnakki farþegans hvíli á höfuðpúðanum.

Vinsamlega athugið að þótt farið sé eftir þessum ábendingum og öryggistæki þau sem hér er greint frá séu notuð í því skyni að auka öryggi geta engu að síður orðið meiðsl á farþega í hjólastól við árekstur eða annars konar umferðaróhöpp **og er engin ábyrgð veitt gegn slíku með þessum ábendingum.**

# Hjólastóllinn spenntur fastur í bifreið

## Notkun hjólastólsins

Rea® Azalea hjólastóllinn er þægilegur hjólastóll sem hentar fólki sem sækist eftir þægindum í sæti og miklum stuðningi. Unnt er að stilla halla baks og setu og minnka með því þrýstinginn á líkama notandans. Auðvelt er að drífa Rea® Azalea hjólastóllinn áfram og það er unnt með einföldu móti að stilla aksturseiginleika hjólastólsins með því að breyta stillingum á drifhjólafestingu. Keyrsluhandföngin eru einnig hönnuð með það í huga að auðvelt sé að ýta hjólastólnum áfram.

- Hægt er að nota Rea® Azalea hjólastóllinn bæði innan dyra og utan á þurru og tiltölulega sléttu yfirborði. Ekki ætti að nota hjólastóllinn í mikilli rigningu, þar sem snjór er á jörðu eða hálka og ekki á votu grasi eða í miklu brattlendi.
- Endingartími Rea® Azalea hjólastólsins er háður því hvernig sinnt er um hjólastóllinn og hvar og hvernig hann hefur verið notaður.
- Hámarksþyngd notanda er 125 kg.